

SAMÞYKKTIR
um úthlutun íbúða fyrir aldraða og öryrkja

Samþykktin gildir fyrir úthlutun félagslegra íbúða aldraða í Langanesbyggð í eigu sveitarfélagsins og íbúða einnig í eigu Svalbarðshrepps

1. gr.

Samþykktir þessar gilda um úthlutun íbúða aldraða að Bakkavegi 23 og íbúða í Miðholti 10 á Þórshöfn. Íbúðirnar að Bakkavegi eru í sameiginlegri eigu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, en íbúðirnar að Miðholti 10 eru í eigu Langanesbyggðar.

2. gr.

Markmið með þessum íbúðum er að koma til móts við íbúa í sveitarfélögunum sem að sökum félagslegra eða heilsufarslegra ástæðna geta ekki séð um sig sjálf í eigin íbúð án stuðnings.

3. gr.

Forsendur fyrir leigu eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi sé orðinn ellilífeyrisþegi eða öryrki skv. mati.
2. Umsækjandi skuli hafa haft lögheimili í öðru hvoru sveitarfélaginu í a.m.k. 12 undangengna mánuði.
3. Umsækjandi sé í þörf fyrir aðstoð og stuðning til að búið á eigin heimili.

4. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr., en umsækjandi skal meta skv. eftirtöldum mativiðmiðum:

1. Lögheimilisstaða

STIG

Umsækjandi er ekki með lögheimili í Langanesbyggð eða Svalbarðshreppi	0
Umsækjandi er með lögheimili í Langanesbyggð eða Svalbarðshreppi	4

2. Húsnæðisstaða umsækjanda

STIG

Er með húsnæði, húsaleiga er minni en 20% af heildartekjum heimilisins	0
Er með húsnæði, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1
Er með húsnæði, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Umsækjandi gistir á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði eða sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum	4

3. Félagslegar aðstæður umsækjanda

STIG

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman	2
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsraðgjafa	4

5. gr.

Allar íbúðir sem til boða eru skulu auglýstar og hæfilegur frestur gefinn til umsóknar. Umsóknum skal fylgja yfirlýsing um tekjur og núverandi húsnæðisaðstöðu.

6. gr.

Umsóknir skulu metnar og afgreiddar af stjórn og hjúkrunarforstjóra Nausts. Kalla skal eftir sérfræðilíti lækna eða félagsráðgjafa í vafaatriðum.

*Samþykkt á fundum sveitarstjórnar
Langanesbyggðar 23. nóvember 2017 og
sveitarstjórn Svalbarðshrepps 5. desember 2017.*